



20.september 2019

Til : **Akraneskaupstaðar**

**b/t Valgerðar Janusardóttir , Sævars Þráinssonar, Steinars Adolfssonar og Sædísar Alexíu
Sigmundsdóttir**

Frá: **Knattspyrnufélagi íA**

Vegna: Erindi – Ósk um styrkveitingu vegna þáttöku í evrópukeppni 2.flokks karla.

Með þessu erindi vil ég fyrir hönd KFÍA leggja inn ósk um styrkveitingu vegna þáttöku 2.flokks KFÍA í UEFA Youth league (evrópukeppni U-19 liða) árið 2019.

2.flokkur öðlaðist þáttöku í þessari keppni með því að verða Íslandsmeistarar árið 2018. Það er langt síðan Knattspyrnufélag íA tók síðast þátt í evrópukeppni og gífurleg lyftistöng fyrir félagið að komast aftur í þá keppni, þrátt fyrir að um unglingsliðið sé að ræða.

Í gegnum sögu félagsins þá hefur félagið tekið alloft þátt í evrópukeppni og nafnið Akranes hefur vakið mikla athygli viða vegna þáttöku liðsins. Síðast tók félagið þátt árið 2004.

Með frábærum árangri 2.flokks í fyrra og einnig í ár, þar sem liðið er búið að tryggja sér Íslandsmeistarar titilinn og er í úrslitum bikarkeppni einnig, þá er ljóst að félagið hefur fengið mikla athygli erlendis frá vegan þessa árangurs. Við höfum fengið heimsóknir og fyrirspurnir frá erlendum félögum sem vilja kynna sér okkar öfluga yngri flokka starf.

Þegar farið er yfir sögu félagsins með þessum aðilum er ljóst að nafnið Akranes hefur vakið mikla athygli fyrir frábært starf.

Fyrir bæjarfélagið er þetta mikil auglýsing og lyftistöng að fá svona viðburð hingað heim og íA TV stefnir m.a. að því að vera með beina útsendingu frá leiknum.



Í fyrstu umferð mætum við liðinu FC Levadia Tallin frá Eistlandi. Fyrri leikurinn verður leikinn á heimavelli þann 2.október kl. 16:00 og síðari leikurinn úti í Tallin þann 23.október nk.

Kostnaður við þáttökuna í ár er 3-4 milljónir króna fyrir hverja umferð, en með sigri í þessari umferð þá munum við spila tvo leiki í nóvember, með sama kostnaði.

Ég hef átt í mjög góðum samskiptum við Akraneskaupstað í mínu starfi og við sem félag erum mjög þakklát fyrir gott samstarf og góðan vilja til að styðja við bakið á félagini.

Eins og kemur fram í upphafi þessa erindis þá vil ég fyrir hönd KFÍA með þessu bréfi leggja inn beiðni um styrkveitingu vegna þessa verkefnis.

Með von um jákvæð viðbrögð

Sigurður Þór Sigursteinsson

Sigurður Þór Sigursteinsson

Knattspyrnufélag í A
KL 500487 127

Framkvæmdastjóri Knattspyrnufélags í A